

Umhverfisnefnd Alþingis  
B/t Kristínar Einarsdóttur

Alþingi  
Eindl. nr. D 117 / 1057  
komudagur 28/3 1994

Stykkishólmi 24. mars 1994

Ég vil nota þetta tækifæri, sem hér er boðið, til að gera athugasemdir við frumvarp um vernd Breiðafjarðar, mál nr. 371, sem nú liggur fyrir Alþingi. Æðarræktarfélag Breiðafjarðar er reyndar ekki til, en þar sem ég tel mig nokkuð kunnugan bæði í Suður- og Vestureyjum, Inn- og Frameyjum leyfi ég mér að koma með nokkrar athugasemdir.

Athugasemdirnar eru þessar:

2. grein.

Á eftir "fjörum" í fyrstu línu komi "og grunnsævi allt að 20 metrum".

Ef nauðsynlegt telst að ráðherra hlutist til um jarðrask í hölmum og eyjum, tel ég sínu nauðsynlegra að umhverfisráðherra hafi síðasta orðið um veiðar og umgang lífríkis á grunnsævi, þannig að það megi erfast sem minnst spillt til eftirkomenda okkar. Í þessu sambandi vil ég benda á, að það heyrir orðið til undantekninga að sjá landsel í Suðureyjum. Kemur þar tvennt til: verðlaun hringormanevndar og nær ótakmarkaðar lagnir grásleppuneta um árabíl.

Í sömu grein legg ég til að línan verði dregin úr Oddbjarnarskeri í Selsker og þaðan í Búlandshöfða.

3. grein.

Inn í þessa grein þarf nauðsynlega að koma ákvæði sem tryggir að fólk úr hópi þeirra sem nytja eyjarnar eigi sæti í nefndinni.

4. grein.


Hefjist þannig: "Á svæði því..."

6. grein.

Ég tel að kveða þurfi fastar að orði í þessari grein.

Að náttúrurannsóknarstöð skuli komið á og hún safni upplýsingum um náttúrufar og nytjar þessa svæðis á fyrri tíð, skilgreini stöðuna í nútíð og skipuleggi hvernig að skuli staðið í framtíðinni.

Virðingarfyllst



Hermann Guðmundsson

Ægisgötu 13

340 Stykkishólmi